

SÉRBLAÐ

# STOFNUN ÁRSINS

2016



STÉTTARFÉLAG  
Í ALMANNAPJÓNUSTU



# STOFNUN ÁRSINS 2016

Stofnanir ársins eru þrjár, ein úr hverjum stærðarflokki. Ríkisskattstjóri er sigurvegari í flokki stórra stofnana sem hafa 50 eða fleiri starfsmenn líkt og fyrir ári síðan. Menntaskólinn á Tröllaskaga er stofnun ársins í flokki meðalstórra stofnana þar sem starfsmenn eru 20-49 talsins og var hann einnig sigurvegari í fyrra. Í flokki stofnana þar sem starfsmenn eru færri en 20 bar Héraðsdómur Suðurlands sigur út bítum þriðja árið í röð.

Eins og sjá má er stöðugleiki í niðurstöðunum mikill og gott samræmi í niðurstöðum frá ári til árs. Ríkisskattstjóri sigrar annað árið í röð, en hann lenti í öðru sæti fyrir tveimur árum. Menntaskólinn á Tröllaskaga vann annað árið í röð og lenti í öðru sæti fyrir tveimur árum og Héraðsdómur Suðurlands er sigurvegari þriðja árið í röð eins og áður sagði. Í hverjum flokki hlutu efstu stofnanirnar sæmdarheitið Fyrirmyndarstofnanir.

## STÓRAR STOFNANIR

Í flokki stærstu stofnana voru valdar fimm fyrirmyndarstofnanir. Þær eru auk Ríkisskattstjóra, Fjölbrotaskóli Suðurnesja (sem var einnig í öðru sæti í fyrra), Reykjalundur (sem einnig var í þriðja sæti í fyrra), Vínúðirnar (ÁTVR) (sem voru í 6. sæti í fyrra) og Fjölbrotaskólinn við Ármúla (sem einnig var í fimmta sæti fyrir ári).

## MEÐALSTÓRAR STOFNANIR

Í flokki meðalstórra stofnana eru fyrirmyndarstofnanirnar fimm, þ.e. Menntaskólinn á Tröllaskaga (sem vann einnig í fyrra), Einkaleyfastofa (sem einnig varð í öðru sæti fyrir ári og sigurvegari árið þar á undan) og Landmælingar Íslands, sem lentu í fjórða sæti í fyrra, Samkeppniseftirlitið og Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins.

## MINNI STOFNANIR

Í flokki minnstu stofnananna voru fyrirmyndarstofnanirnar þrjár, þ.e. Héraðsdómur Suðurlands, Hljóðbókasafn Íslands og Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Úrskurðarnefndin var einnig í öðru sæti í fyrra en Hljóðbókasafn Íslands náði ekki tilskyldu svarhlutfalli fyrir ári.

## HÁSTÖKKVARI

Hástökkvari könnunarinnar er Framhaldsskólinn á Laugum. Skólinn hækkaði sig um

65 sæti milli ára. Þá hækkaði Stofnun Árna Magnússonar sig mikið milli mælinga, eða um 38 sæti, og Embætti Landlæknis og Jafnréttisstofa hækka einnig mikið, eða um 34 sæti. SFR stéttarfélag í almannatjónustu óskar starfsmönnum og stjórnendum þessara stofnana innilega til hamingju með þennan glæsilega árangur.

## MIKILVÆGT SAMSTARFSVERKEFNI STÉTTARFÉLAGA

Markmið könnunarinnar „Stofnun ársins“ er nú sem áður að veita stjórnendum tæki til að vinna að umbótum í stjórnun og starfsumhverfi og eins aðhald til hagsbóta fyrir starfsfólk, skjólstæðinga, viðskiptavini og aðra hagsmunaaðila. Könnunin er samstarfsverkefni margra aðila; SFR og VR, auk þess sem Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar og fjármála- og efnahagsráðuneytið, fyrir hönd ríkisins, eru þátttakendur í könnuninni. Könnunin tekur til fjölmargra starfsmanna ríkisstofnana óháð stéttarfélagsaðild og er ein stærsta vinnumarkaðskönnun sem unnin er hér á landi. Niðurstöður könnunarinnar veita afar mikilvægan samanburð við aðrar stofnanir og fyrirtæki, bæði á opinberum og almennum vinnumarkaði.

Framkvæmd könnunarinnar „Stofnun ársins“ var með sambærilegu sniði í ár og fyrri ár og var fjármála- og efnahagsráðuneytið í samstarfi við SFR um könnunina líkt og áður.

Heildarfjöldi stofnana sem komust á blað nú var 142 og er það heldur minna en síðustu ár.

Alls svöruðu tæplega 8.000 starfsmenn könnuninni og er það heldur minna en í fyrra þegar rúmlega 9.000 starfsmenn svöruðu. Á hinn bóginn var svarhlutfall

fyrir könnunina mun betra en áður eða 55% og ef litið er eingöngu til svara SFR félaga er svarhlutfallið 54%. Þær niðurstöður sem liggja að baki valinu á Stofnun ársins byggist á stofnunum sem uppfylla skilyrði um svörun og byggir sá hluti á rétt tæplega 7.000 svarendum eins og í fyrra. Til þess að stofnun nái inn á lista þarf svarhlutfall að vera að lágmarki 35%. Þá þurfa að lágmarki að berast fimm svör frá stofnunum með 5-19 starfsmenn, 6 svör að lágmarki frá stofnunum með 20 til 49 starfsmenn og að lágmarki þurfa að berast 10 svör frá stofnunum með 50 eða fleiri starfsmenn til Gallup.

Miðað var við að könnunin næði til fastráðinna ríkisstarfsmanna í 50% starfi eða meira. Könnunin náði til allra félagsmanna SFR sem voru í 50% starfi eða meira og höfðu verið félagsmenn SFR í a.m.k. fjóra mánuði.

## Nánari upplýsingar

Þáttökustofnunum gefst kostur á að fá nánari skýrslu frá Gallup með gögnum fyrir sína stofnun, svo framarlega sem þátttaka starfsmanna uppfyllir skilyrði um lágmarkssvörun. Í þeirri skýrslu er gerð ítarleg greining á niðurstöðum könnunarinnar. Í henni er m.a. borin saman meðaltalseinkunn hverrar spurningar hjá viðkomandi stofnun við meðaltalseinkunn allra stofnana á viðkomandi spurningu. Einnig eru breytingar frá síðustu mælingu skoðaðar þegar það á við. Þeir sem hafa áhuga á frekari upplýsingum er bent á að hafa samband við Tómas Bjarnason hjá Gallup í síma 540 1200 eða tomas.bjarnason@gallup.is

SFR stéttarfélag í almannatjónustu óskar stjórnendum Stofnana ársins, Fyrirmyndarstofnana og Hástökkvara innilega til hamingju með glæsilegan árangur.

## STÓRAR STOFNANIR (50 starfsmenn eða fleiri)

1. sæti **STOFNUN ÁRSINS 2016**  
Ríkisskattstjóri..... Einkunn: 4,409
2. sæti **FYRIRMYNDARSTOFNUN ÁRSINS 2016**  
Fjölbrotaskóli Suðurnesja ..... Einkunn: 4,385
3. sæti **FYRIRMYNDARSTOFNUN ÁRSINS 2016**  
Reykjalundur ..... Einkunn: 4,359

## MEÐALSTÓRAR STOFNANIR (20-49 starfsmenn)

1. sæti **STOFNUN ÁRSINS 2016**  
Menntaskólinn á Tröllaskaga. .... Einkunn: 4,655
2. sæti **FYRIRMYNDARSTOFNUN ÁRSINS 2016**  
Einkaleyfastofan ..... Einkunn: 4,517
3. sæti **FYRIRMYNDARSTOFNUN ÁRSINS 2016**  
Landmælingar Íslands..... Einkunn 4,458

## MINNI STOFNANIR (færri en 20 starfsmenn)

1. sæti **STOFNUN ÁRSINS 2016**  
Héraðsdómur Suðurlands..... Einkunn: 4,670
2. sæti **FYRIRMYNDARSTOFNUN ÁRSINS 2016**  
Hljóðbókasafn Íslands..... Einkunn: 4,653
3. sæti **FYRIRMYNDARSTOFNUN ÁRSINS 2016**  
Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála ..... Einkunn 4,510

## HÁSTÖKKVARI

Framhaldsskólinn á Laugum



# HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Heildarútkoma hefur hækkað á undanförunum árum

Alls komust 142 stofnanir á lista í ár en til þess þurfa 35% starfsmanna stofnunarinnar að taka þátt í könnuninni.


Meðaleinkunn allra stofnana sem eru á lista yfir stofnun ársins er 3,95 – sem er lítið eitt hærra en fyrir ári. Heildareinkunn hefur hækkað ár frá ári eða alls um 0,12 stig á kvarðanum 1-5 frá árinu 2011.

Af þáttunum níu sem mældir voru, fengust hæstu einkunnir á þáttunum „Sveigjanleiki vinnu“ (4,26) og „Sjálfstæði í starfi“ (4,26). Lægst einkunn fékkst á þættinum „Launakjör“ (2,96).

Þetta er í stórum dráttum sama mynstur og almennt hefur komið fram í könnuninni síðustu ár.

## STARFSFÓLK MINNI STOFNANA ÁNÆGÐARA

Líkt og áður er stofnunum skipt eftir stærð þeirra, þ.e. fjölda starfsmanna. Minnstu stofnanir eru skilgreindar sem stofnanir með færri starfsmenn en 20, stofnanir af millistærð eru skilgreindar sem stofnanir með 20 til 49 starfsmenn en stórar stofnanir eru skilgreindar sem stofnanir með 50 eða fleiri starfsmenn. Flestar stofnanir eru í stærsta flokknum, eða 76. Stærð vinnustaða er almennt talin mikilvægur áhrifþáttur á líðan og viðhorf starfsfólks af nokkrum ástæðum. T.d. verður samhæfing ólíkra þátta í starfsemi inni flóknari með aukinni stærð vinnustaða, en einnig nýta stærri vinnustaðir alla jafna formlegri stjórnun og skipulag en minni vinnustaðir. Hvoru tveggja getur haft áhrif



Þættir	2016	2015	2014	2013	2012	2011
Heildarmeðaltal	3,95	3,89	3,89	3,830	3,86	3,83
Stjórnun	3,98	3,88	3,86	3,830	3,83	3,78
Starfsandi	4,21	4,20	4,18	4,140	4,13	4,15
Launakjör	2,96	2,72	2,67	2,690	2,74	2,67
Vinnuskilyrði	3,84	3,85	3,91	3,850	3,88	3,94
Sveigjanleiki vinnu	4,26	4,25	4,25	4,200	4,18	4,09
Sjálfstæði í starfi	4,26	4,25	4,25	4,210	4,23	4,22
Ímynd stofnunar	3,76	3,75	3,79	3,750	3,76	3,76
Ánægja og stolt	4,14	4,13	4,12	4,090	4,11	4,09
Jafnrétti	4,08	-	-	-	-	-

á aðstæður og samskipti á vinnustaðnum. Ákvarðanataka getur þannig verið hægari í stærri stofnunum og hendur stjórnenda bundnari í mörgum málum en í minni stofnunum. Það á ekki síst við um launaákvæðanir og launasveigjanleika. Á móti kemur að stærri stofnanir hafa meiri bjargir, t.d. til að byggja upp mannauðsdeildir sem veitt geta stjórnendum sérhæfðari aðstoð en annars væri, auk þess sem tækifæri til starfsþróunar og sérhæfingar eru oftast meiri í stærri stofnunum en minni.

Stórar stofnanir fengu lakari útkomu en minni stofnanirnar á öllum þáttum. Stórar stofnanir (50 starfsmenn eða fleiri) fá mun lægri einkunn á þættinum „vinnuskilyrði“, „stjórnun“ og „launakjör“. Minnstu munar á stórum og litlum stofnunum á þáttunum „jafnrétti“ og „sjálfstæði í starfi“.


## Niðurstöður greindar eftir þáttum



### STJÓRNUN

Stjórnun vegur þyngst og er mikilvægasti þátturinn í heildarmatinu á stofnun ársins. Spurningar eru lítillega breyttar frá því í fyrra og beinast nær allar að næsta yfirmanni. Nokkur hækking verður á þættinum m.a. vegna þessara breytinga og hækking einkunn þáttarinnar um 0,1 stig milli ára. Þátturinn er byggður upp á 10 spurningum. Einkunn hækkingar í spurningum er varða virðingu fyrir starfsfólki, hvatningu stjórnenda og möguleika starfsmanna til að þroska hæfileika sína. Einkunn lækkar hins vegar lítilsháttar í spurningum sem varða traust til stjórnenda, hvort yfirmaður er sanngjarn við starfsfólk, starfsmenn geti leitað til yfirmanns, og hvort yfirmaður bæti úr starfsaðstæðum sé þörf á.

Hversu vel telur þú að vinnustað þínum sé stjórnað



Stjórnun	Jákvæðastir	Neikvæðastir
Starf	Sölu- og afgreiðslustörf	Öryggis-, eftirlitsst., ræstingar
Atvinnugrein	Verslun og þjónusta	Löggæsla, dómstólar/fangelsi
Stærð stofnunar	Færri en 20 starfsmenn	50 eða fleiri starfsmenn




### STARFSANDI

Mat á starfsanda lækkar lítillega, mælist nú 4,11 en einkunnin fyrir ári var 4,14. Matið er byggt á þremur spurningum sem lúta að samskiptum og starfsanda.

Mikill meirihluti svarenda eða um 83% telja starfsanda á vinnustað mjög eða frekar góðan.

Mér finnst starfsandinn venjulega afslappaður og óþvingaður



Starfsandi	Jákvæðastir	Neikvæðastir
Starf	Stjórnendur/sérfræðingar	Sérhæft starfsfólk
Atvinnugrein	Verslun og þjónusta	Heilbrigðis- og félagsþjónusta
Stærð stofnunar	Færri en 20 starfsmenn	50 eða fleiri starfsmenn
Mannaforráð	Með mannaforráð	Ekki með mannaforráð



## LAUNAKJÖR

Ánægja með launakjör eykst nokkuð á milli ára og líklegt er að nýafstaðnir kjarasamningar hafi þar eitthvað um að segja. Einkunn þáttarins er nú 2,62 en þetta er sá þáttur könnunarinnar sem ávallt mælist lægstur/með minnstu ánægju. Matið er byggt á spurningum um ánægju með laun, sanngirni launa og samanburði á eigin launum og launum annarra á sambærilegum vinnustöðum. Hlutfall fólks sem gefur launakjörum góða einkunn hækkar úr 16% í 21% á milli ára.

Jákvæðustu breytingar á launum, ef skoðaðar eru starfsstéttir, eru meðal skrifstofufólks við afgreiðslu og einnig meðal fólks í öryggis-, eftirlits- og ræstingarstörfum. Minnstar breytingar verða á ánægju stjórnenda og sérfræðinga með sín launakjör. Karlar eru ánægðari með launin en konur, en nærri þriðjungur karla eru ánægðir með launin en riflega fjórðungur kvenna. Meðal fólks sem starfar við landbúnað, orkustofnanir og skógrækt er um 50% svarenda ánægð með laun sín. Í heilbrigðis- og félagsþjónustu eru um 17% ánægð með launakjör en nærri 63% óánægð.

Einkunn fyrir launakjör eftir starfaflokkum




Launakjör	Ánægðastir	Óánægðastir
Starf	Sölu- og afgreiðslustörf	Skrifstofustörf
Atvinnugrein	Landb/orkust/skógrækt og Verslun og þjónusta	Heilbrigðis- og félagsþjónusta
Stærð stofnunar	Færri en 20 starfsmenn	50 eða fleiri starfsmenn
Mannaforráð	Með mannaforráð	Ekki með mannaforráð



## VINNUSKILYRÐI

Mat þátttakenda á vinnuskilyrðum lækkar nú annað árið í röð. Einkunnin mælist nú 3,66 en mældist 3,79 fyrir tveimur árum. Ný spurning „ánægja með hljóðvist“ getur haft áhrif á þetta en einkunn á þessari spurningu var frekar lág, eða 3,35. Aðeins einkunn á ánægju með loftræstingu er lægri eða 3,21. Rúmlega helmingur svarenda var ánægður með hljóðvistina en nærri fjórðungur óánægður.

Mat á vinnuskilyrðum



Vinnuskilyrði	Jákvæðastir	Neikvæðastir
Starf	Stjórnendastarf	Skrifstofust. v. afgreiðslu
Atvinnugrein	Landb/orkust/skógrækt	Löggæsla, dómstólar/fangelsi
Aldur	60 ára og eldri	30-39 ára




## SVEIGJANLEIKI VINNU

Einkunn fyrir sveigjanleika stendur í stað. Einkunnin er sett saman úr fimm spurningum. Sem dæmi þá er spurt hvort fólk hafi svigrúm til að útrétta í vinnutímanum, hvort fólk geti farið úr vinnu með litlum fyrirvara og hvort fólk geti tekið sumarfrí á þeim tíma sem því hentar.

Sveigjanleiki er lítið eitt meiri meðal starfsmanna í minni stofnunum en stærri. Konur eru mun ánægðari með sveigjanleika sinn en karlar. Einnig eykst ánægjan eftir aldri.

Ég á auðvelt með að samræma vinnu og fjölskyldulíf



Sveigjanleiki	Ánægðastir	Óánægðastir
Starf	Skrifstofustörf	Öryggis-, eftirlitsst., ræstingar
Atvinnugrein	Landb/orkust/skógrækt og Önnur starfss./þjónusta	Löggæsla, dómstólar/fangelsi
Aldur	60 ára og eldri	Yngri en 30 ára




## SJÁLFSTÆÐI Í STARFI

Mæling á sjálfstæði í starfi stendur í stað frá síðustu könnun og fær einkunnina 4,21. Þátturinn mælir hversu góð tækni fólk finnst það hafa á starfi sínu, hversu góða yfirsýn starfsfólki finnst það hafa yfir starfið og þau áhrif sem fólk hefur í starfinu.

Sjálfstæði í starfi vex með aldri og er einnig mestur hjá þeim sem starfað hafa lengst hjá stofnuninni, sem eðlilegt er. Sjálfstæði í starfi er einnig meira meðal starfsmanna með mannaforráð en annarra og lítið eitt meiri meðal starfsmanna í minni stofnunum en stærri.

Þegar á heildina er lítið hef ég mikil áhrif á hvernig starf mitt er unnið




Sjálfstæði	Ánægðastir	Óánægðastir
Starf	Stjórnendastarf og Sölu og afgreiðslustarf	Sérhæft starfsfólk
Atvinnugrein	Landb/orkust/skógrækt	Löggæsla, dómstólar/fangelsi



## ÍMYND STOFNUNAR

Mat á ímynd lækkar lítillega og fær þátturinn einkunnina 3,63 en fékk 3,71 í könnuninni fyrir ári. Þeir sem eru með mannaforráð meta ímyndina sem jákvæðari þátt en starfsfólk án mannaforráða. Mat á ímynd er mun jákvæðara hjá starfsfólki minni stofnana en stærri.

Hlutfall svarenda sem gefur „ímynd“ mjög góða einkunn




Ímynd	Ánægðastir	Óánægðastir
Atvinnugrein	Verslun og þjónusta	Innh.menn/almannatr./lánasj.
Aldur	60 ára og eldri	30-39 ára



## ÁNÆGJA OG STOLT

Þátturinn „ánægja og stolt“ stendur því sem næst í stað. Einkunnin hefur verið mjög svipuð síðustu sex ár, á bilinu 3,99-4,04. Ánægja og stolt er lítið eitt mismunandi eftir starfsstéttum og atvinnugreinum. Af ólíkum starfsstéttum má sjá að ánægjan er mest meðal fólks við sölu- og afgreiðslu en næst mest meðal stjórnenda. Þeir sem eru með mannaforráð eru ánægðari en þeir sem ekki eru með mannaforráð. Ánægja og stolt er meiri í minni stofnunum en þeim stærri.

Ég er stolt(ur) af stofnuninni sem ég starfa hjá



Hlutfall svarenda sem gefa mjög góða einkunn

Stolt	Mest	Minnst
Starf	Sölu- og afgreiðslustörf	Öryggis-, eftirlitsst., ræstingar
Atvinnugrein	Verslun/þjónusta og Landb./orkust/skógrækt	Löggæsla, dómstólar/fangelsi
Menntun	Grunnskólapróf	Lokið háskólanámi



## JAFNRÉTTI

Nýr þáttur lítur nú dagsins ljós og ber hann nafnið „jafnrétti.“ Þátturinn er hluti heildareinkunnar og vægi hans er næst mest af þáttunum sem mældir eru. Þátturinn byggist á sex spurningum sem snúa að jafnrétti bæði almennt sem og jafnrétti kynjanna. Ein spurning um fjölbreytni tilheyrir einnig þessum þætti. 79,5% karla tekja kynin hafa sömu tækifæri til starfsframa en einungis 66,8 kvenna eru sama sinnis. Fleiri karlar en konur telja jafnrétti vera mikið eða 83% karla á móti 75% konum.

Á mínum vinnustað



Jafnrétti	Ánægðastir	Óánægðastir
Starf	Stjórnendur og Sölu- og afgreiðslustörf	Skrifstofust. v. afgreiðslu
Atvinnugrein	Verslun og þjónusta	Löggæsla, dómstólar/fangelsi

## MISMUNUR Á SVÖRUM EFTIR KYNI

### Á ýmsum spurningum könnunarinnar má sjá nokkurn mun á svörum karla og kvenna.


Konur svara því frekar en karlar að þær beri fullt traust til stjórnenda stofnunarinnar og að þær fái stuðning og hvatningu frá næsta yfirmanni.

Karlar telja sig frekar en konur alltaf/oftast þurfa að vinna yfirvinnu og karlar eru heldur ánægðari með launakjör sín en konur. Karlar telja einnig frekar en konur að þeir geti haft áhrif á ákvarðanatöku innan stofnunar.

Fleiri konur en karlar svara að auðvelt sé að samræma vinnu og einkalíf og konur telja sig frekar en karlar geta farið úr vinnu með litlum fyrirvara til að sinna einkaerindum.

Hærra hlutfall karla en kvenna telur að jafnrétti sé á vinnustað og að kynin hafi sömu tækifæri til starfsframa.

Þá kemur fram að karlar eru heldur ánægðari en konur með lýsingu og hljóðvist á vinnustað.



Hlutfall svarenda sem eru alltaf/oftast eða mjög/frekar sammála fullyrðingunni

## SAMANBURÐUR Á MILLI STÉTTARFÉLAGA

Áhugavert er að bera saman svör starfsmanna eftir stéttarfélögum. Heildareinkunn lækkar lítilsháttar á milli ára hjá VR en hækkar hjá SFR og ríkisstarfsmönnum og Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar (St.Rv.).

Áhugavert er að bera saman svör starfsmanna eftir stéttarfélögum. Heildareinkunn lækkar lítilsháttar á milli ára hjá VR en hækkar hjá SFR og ríkisstarfsmönnum og Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar (St.Rv.).

VR félagsmenn eru að vanda ánægðari með vinnustað sinn en opinberir starfsmenn og er VR með heildareinkunnina 4,17 en hún var 4,19 í fyrra. Hjá VR hækka þættirnir trúverðugleiki stjórnenda og launakjör mest á milli ára en það dregur lítilsháttar úr ánægju VR félaga með aðra þætti þetta árið. Heildareinkunn SFR og ríkisstarfsmanna hækkar nokkuð á milli ára en hún var 3,89 í fyrra en er 3,95 í ár. Mest hækkun er í þættinum launakjör en einkunn þáttarins var 2,72 í fyrra en er nú 2,96. Þar á eftir kemur einkunn fyrir trúverðugleika stjórnenda sem hækkar úr 3,88 í fyrra í 3,98 í ár. Heildareinkunn St.Rv. hækkar lítillega á milli ára. Aukin ánægja með launakjör

	Á lista yfir stofnun ársins*			Allir svarendur óháð lista yfir stofnun ársins**	
	VR	St.Rv.	SFR / ríkisstarfsmenn	SFR félagar	Ríki aðrir en SFR
Heildarmeðaltal	4,17	3,93	3,95	3,80	3,89
Stjórnun	4,18	3,99	3,98	3,83	3,91
Starfsandi	4,34	4,20	4,21	4,11	4,17
Launakjör	3,38	2,57	2,96	2,62	2,91
Vinnuskilyrði	4,01	3,64	3,84	3,66	3,77
Sveigjanleiki vinnu	4,42	4,20	4,26	4,18	4,16
Sjálfstæði í starfi	4,36	4,22	4,26	4,21	4,20
Ímynd fyrirtækis	4,31	3,89	3,76	3,63	3,66
Ánægja og stolt	4,32	4,07	4,14	4,01	4,08
Jafnrétti	4,18	4,12	4,08	3,96	4,07

\*Einkunnir byggjast á svörum starfsmanna stofnana sem komst á lista yfir stofnanir ársins

\*\*Einkunnir byggjast á svörum allra óháð því hvort stofnunin komst á lista yfir stofnanir ársins

hefur mikið að segja en einkunn fyrir þann þátt var 2,45 í fyrra og hækkar í 2,57 í ár. Einkunnir SFR/ríkisstarfsmanna og St.Rv. eru um margt líkar en munur á milli aðila kemur helst fram í því að ánægja með launakjör og vinnuskilyrði er meiri hjá ríkisstarfsmönnum en félagsmönnum St.Rv. en því að félagsmenn St.Rv. eru ánægðari en ríkisstarfsmenn með ímynd síns vinnustaðar. Þegar farið er yfir töflur síðustu ára má sjá að það dregur saman í heildareinkunn á milli almenna og opinbera markaðarins á milli ára þannig að ánægja félagsmanna

á opinberum markaði hefur aukist ívið meira en ánægja starfsmanna á almennum markaði. Heildareinkunn VR er nú um 5,5% hærri að meðaltali en einkunn SFR/ríkisstarfsmanna en hún var rúmum 8% hærri í fyrra.

Ánægja með laun hækkar hjá öllum aðilum og er sá þáttur sem hækkar mest á milli ára. Leiða má getum að því að nýfstaðnir kjarasamningar hafi haft áhrif á einkunn þessa þáttar. Einnig er athyglisvert að þátturinn vinnuskilyrði lækkar nokkuð hjá öllum aðilum.



## HÁSTÖKKVARAR

Framhaldsskólinn á Laugum er sú stofnun sem bætir sig mest á milli ára og er hástökkvarinn í ár. Stofnunin hækkar um 65 sæti á heildarlista stofnana.

Topp 5 hástökkvarar	Sæti á lista 2016	Sæti á lista 2015	Hækkar um
Framhaldsskólinn á Laugum	50	115	65 sæti
Stofnun Árna Magnússonar	46	103	57 sæti
Embætti landlæknis	58	109	51 sæti
Jafnréttisstofa	45	96	51 sæti
Tilraunastöð Hí að Keldum **	63	105	42 sæti

# Fáðu RÁÐGJAFNA að láni

Fræðslusetrið Starfsmennt býður samstarfsstofnunum sínum ráðgjöf í mannauðsmálum. Ráðgjafinn vinnur tímabundið með stofnuninni og styrkir þannig grunninn fyrir markvissa mannauðsstjórnun.

### Helstu verkefni:

- Stefnumiðuð starfsþróun
- Mannauðsstefna
- Vinnustaðgreining
- Hæfnigreining starfa
- Þarfagreining fræðslu
- Virk starfsmannasamtöl
- Fræðsla og farandfyrirlestrar
- Sérsniðið stofnananám

[www.smennt.is](http://www.smennt.is)



Stofnanir með 50 starfsmenn eða fleiri	Einkunn 2016	Stjórnun	Starfsandi	Launakjör	Vinnuskilyrði	Sveigjanleiki vinnu	Sjálfsþæði í starfi	Ímynd stofnunar	Ánægja og stolt	Jafnrétti	Svarhlutfall	Einkunn 2015
<b>Meðaltal 2016</b>	<b>3,840</b>	<b>3,84</b>	<b>4,15</b>	<b>2,80</b>	<b>3,70</b>	<b>4,13</b>	<b>4,19</b>	<b>3,64</b>	<b>4,05</b>	<b>4,03</b>		<b>3,888</b>
1. Ríkisskattstjóri	4,409	4,51	4,63	3,04	4,50	4,72	4,50	4,48	4,61	4,55	80-100%	4,365
2. Fjölbrautaskóli Suðurnesja	4,385	4,46	4,71	3,41	4,15	4,30	4,69	4,31	4,69	4,59	60-69%	4,329
3. Reykjalundur *	4,359	4,42	4,53	3,40	4,14	4,40	4,47	4,84	4,62	4,38	50-59%	4,291
4. ÁTVR	4,270	4,37	4,47	3,28	4,18	4,26	4,44	4,42	4,39	4,49	35-49%	4,146
5. Fjölbrautaskólinn við Ármúla	4,243	4,29	4,54	3,49	4,09	4,01	4,63	3,86	4,62	4,48	60-69%	4,153
6. Lyfjastofnun	4,225	4,25	4,50	3,22	4,33	4,51	4,22	3,95	4,40	4,49	80-100%	4,131
7. Heilsustofnun NLFÍ *	4,225	4,18	4,39	3,16	3,94	4,37	4,39	4,75	4,52	4,35	60-69%	4,146
8. Menntaskólinn í Reykjavík	4,206	4,41	4,51	3,05	3,65	3,71	4,65	4,45	4,64	4,54	35-49%	4,089
9. Sjálfsbjargarheimilið *	4,185	4,16	4,12	3,49	4,11	4,19	4,37	4,27	4,46	4,44	60-69%	4,106
10. Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	4,181	4,18	4,39	3,34	3,99	3,79	4,55	4,29	4,47	4,47	60-69%	4,085
11. Íslenskar orkurannsóknir	4,139	3,96	4,48	3,27	3,68	4,42	4,15	4,54	4,33	4,46	70-79%	4,181
12. Umhverfisstofnun	4,089	3,91	4,55	2,69	4,20	4,37	4,25	3,94	4,17	4,58	70-79%	3,864
13. Kvennaskólinn í Reykjavík	4,082	4,19	4,42	3,08	3,51	3,18	4,51	4,70	4,53	4,37	50-59%	3,939
14. Nýsköpunarmiðstöð Íslands	4,047	3,88	4,38	3,19	3,76	4,49	4,19	3,99	4,12	4,45	70-79%	4,059
15. Menntaskólinn á Akureyri	4,046	4,01	4,07	3,27	3,80	4,00	4,28	4,25	4,13	4,53	35-49%	3,828
16. Háskólinn á Akureyri **	4,003	3,93	4,25	2,90	3,90	4,30	4,26	4,22	4,20	4,10	35-49%	3,794
17. Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	3,995	3,87	4,15	3,06	3,78	4,34	4,37	3,94	4,31	4,20	35-49%	3,937
18. Embætti landlæknis	3,982	4,10	4,21	3,11	3,73	4,48	4,34	3,76	4,08	4,06	70-79%	3,695
19. RARIK **	3,980	4,01	4,31	3,25	4,26	4,44	4,53	3,55	4,22	3,42	35-49%	3,923
20. Landsbókasafn Íslands, Háskólabókasafn	3,980	3,94	4,13	2,65	3,93	4,37	4,34	4,32	4,15	4,06	80-100%	3,910
21. Landgræðsla ríkisins	3,972	3,97	4,31	2,88	4,04	4,47	4,26	3,89	4,11	3,88	70-79%	4,012
22. Listaháskóli Íslands *	3,958	4,18	4,30	2,42	3,30	4,18	4,19	4,09	4,41	4,36	35-49%	3,920
23. Fjársýsla ríkisins	3,956	4,16	4,21	2,73	3,88	4,49	4,23	3,84	4,18	3,86	70-79%	3,939
24. Friðhöfnin **	3,950	3,80	4,28	3,19	3,47	4,06	4,37	4,02	4,28	4,14	35-49%	
25. Fjölbrautaskóli Suðurlands	3,946	3,87	4,21	2,96	3,60	4,10	4,28	3,85	4,23	4,36	50-59%	3,938
26. Ríkislögreglustjóri	3,939	4,11	4,30	3,05	3,54	4,10	4,21	3,76	4,16	4,13	50-59%	3,755
27. Þjóðminjasafn Íslands	3,920	3,98	3,99	2,70	3,94	4,21	4,13	4,24	3,96	4,11	50-59%	3,882
28. Barnaverndarstofa	3,906	3,92	4,16	3,13	4,06	4,26	4,30	3,49	4,05	3,82	35-49%	3,993
29. Hagstofa Íslands	3,875	3,85	4,20	2,31	3,70	4,42	4,21	4,02	3,88	4,27	70-79%	3,686
30. Menntaskólinn við Hamrahlíð	3,863	3,59	4,05	3,21	3,33	3,55	4,61	4,24	4,20	4,12	35-49%	3,796
31. Orkubú Vestfjarða ohf *	3,861	3,89	4,15	3,12	4,03	4,44	4,04	3,03	4,20	3,82	60-69%	3,804
32. Héraðsdómur Reykjavíkur	3,858	3,73	4,32	3,16	3,68	4,30	4,60	2,81	4,22	3,98	70-79%	3,714
33. Mennta- og menningarmálaráðuneytið	3,854	3,93	4,24	2,68	3,99	4,39	4,07	3,02	4,15	4,06	70-79%	3,903
34. Veðurstofa Íslands	3,850	3,66	4,13	2,45	3,84	4,26	3,98	4,23	3,89	4,23	60-69%	3,848
35. Hafrannsóknastofnun	3,849	3,65	4,23	2,81	3,95	4,22	4,16	3,78	4,12	3,79	50-59%	3,799
36. Tryggingastofnun ríkisins	3,847	4,10	4,15	2,63	3,86	4,45	4,20	2,95	4,05	4,07	70-79%	3,967
37. Hrafnista **	3,844	3,96	4,08	2,42	3,51	4,23	4,42	3,75	4,14	4,08	35-49%	3,741
38. Fjármála- og efnahagsráðuneytið	3,836	3,80	4,40	2,90	3,49	4,30	4,05	3,35	4,18	4,01	70-79%	3,603
39. Héraðssaksóknari	3,830	3,85	4,23	3,04	3,84	4,18	4,26	3,48	3,85	3,78	80-100%	
40. Heilbrigðisstofnun Vesturlands	3,829	3,76	4,13	2,79	3,76	3,75	4,22	3,95	4,08	3,98	35-49%	3,786
41. Íbúðalánasjóður	3,815	3,95	4,19	2,74	3,86	4,45	4,23	2,81	3,99	4,02	70-79%	3,779
42. Fjármálaeftirlitið	3,813	3,87	4,13	3,22	3,79	4,35	3,99	2,65	3,92	4,24	70-79%	3,759
43. Fiskistofa	3,813	3,85	3,95	3,00	4,04	4,11	4,22	3,17	3,76	4,11	70-79%	3,423
44. Matis ohf *	3,790	3,73	4,26	2,49	3,78	4,33	3,81	4,18	3,93	3,66	50-59%	3,914
45. Verkmenntaskólinn á Akureyri	3,763	3,56	4,24	2,82	3,16	3,61	4,22	3,98	4,14	4,14	60-69%	3,775
46. Flensborgarskóli	3,753	3,58	3,81	2,96	3,70	3,67	4,27	3,79	3,93	4,08	60-69%	3,799
47. Lögreglan á Norðurlandi eystra	3,753	3,87	4,14	2,58	3,54	4,09	3,98	3,81	4,06	3,68	60-69%	
48. Samgöngustofa	3,752	3,75	4,06	2,99	3,81	4,25	4,11	3,15	3,77	3,88	60-69%	3,771
49. Vinnuálastofnun	3,751	4,04	4,26	2,38	3,53	4,28	4,23	3,12	4,07	3,72	70-79%	3,811
50. Háskóli Íslands **	3,749	3,66	4,03	2,45	3,68	3,99	4,11	4,17	3,94	3,78	60-69%	
51. Vegagerðin	3,743	3,58	3,92	3,11	3,96	4,26	4,08	3,19	3,87	3,81	50-59%	3,696
52. Matvælastofnun	3,738	3,69	4,21	2,59	3,99	4,10	3,95	3,07	3,83	4,05	60-69%	3,533
53. Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	3,737	3,63	4,13	2,91	3,19	3,40	4,36	3,73	4,08	4,13	50-59%	
54. Sjúkratryggingar Íslands	3,726	3,99	4,09	2,59	3,64	4,36	4,14	2,83	3,79	3,95	80-100%	3,506
55. Velferðarráðuneytið	3,725	3,78	4,36	2,55	3,46	4,36	4,11	2,80	3,88	4,08	70-79%	3,926
56. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	3,722	3,80	4,06	2,61	4,13	4,18	3,97	2,83	3,99	3,78	70-79%	3,639
57. Þjóðskrá Íslands	3,713	3,84	4,11	2,41	3,38	4,43	4,05	3,43	3,77	3,97	70-79%	3,660
58. Sinfóníuhljómveit Íslands	3,709	3,70	3,70	2,15	3,54	3,00	4,38	4,31	4,07	4,30	50-59%	
59. Landbúnaðarháskóli Íslands	3,665	3,72	3,81	2,40	3,85	4,28	4,04	3,13	3,76	3,94	50-59%	3,393
60. Tollstjóri	3,662	3,70	4,00	2,62	3,33	4,29	4,11	3,16	3,82	3,94	60-69%	3,449

Stofnanir með  
50 starfsmenn eða fleiri

Stofnanir með 50 starfsmenn eða fleiri	Einkunn 2016	Stjórnun	Starfsandi	Launakjör	Vinnuskilyrði	Sveigjanleiki vinnu	Sjálfsþæði í starfi	Ímynd stofnunar	Ánægja og stolt	Jafnrétti	Svarhlutfall	Einkunn 2015
<b>Meðaltal 2016</b>	<b>3,840</b>	<b>3,84</b>	<b>4,15</b>	<b>2,80</b>	<b>3,70</b>	<b>4,13</b>	<b>4,19</b>	<b>3,64</b>	<b>4,05</b>	<b>4,03</b>		<b>3,888</b>
61. SÁÁ **	3,656	3,53	3,60	2,54	3,75	3,73	4,11	4,25	4,04	3,52	35-49%	3,806
62. Alþingi	3,650	3,61	3,97	3,01	3,96	4,11	4,10	2,10	3,96	3,91	70-79%	3,806
63. Fangelsismálastofnun ríkisins	3,625	3,72	4,28	2,72	3,26	3,73	3,99	2,88	3,99	3,87	60-69%	3,390
64. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	3,611	3,56	3,77	2,42	3,14	4,18	4,18	4,10	4,01	3,42	60-69%	3,709
65. Lögreglan á Suðurnesjum	3,589	3,83	3,70	2,59	3,16	3,91	3,83	3,82	3,81	3,64	50-59%	3,890
66. Landspítali **	3,579	3,67	3,98	2,04	3,38	4,04	4,12	3,26	3,83	3,83	35-49%	
67. Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	3,562	3,66	3,96	2,63	3,46	3,81	4,13	2,71	3,89	3,71	35-49%	3,534
68. Innanríkisráðuneytið	3,547	3,50	3,96	2,65	3,98	4,19	3,65	2,37	3,53	3,91	80-100%	3,359
69. Isavia ohf **	3,545	3,56	3,93	2,96	2,84	3,95	3,99	2,81	3,80	4,03	35-49%	3,693
70. Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins **	3,545	3,60	3,99	2,23	3,32	3,94	4,07	3,07	3,73	3,87	50-59%	3,604
71. Vinnueftirlit ríkisins	3,537	3,31	3,78	2,17	3,35	4,20	4,03	3,47	3,75	3,91	80-100%	3,460
72. Utanríkisráðuneytið	3,536	3,60	3,97	2,43	3,68	4,10	4,02	2,76	3,75	3,50	60-69%	3,627
73. Menntamálastofnun	3,516	3,21	3,76	3,02	3,42	4,22	3,90	2,98	3,48	3,83	70-79%	
74. Landhelgisgæsla Íslands **	3,430	3,26	3,70	2,15	3,26	3,44	3,63	4,58	3,50	3,46	60-69%	3,602
75. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu	3,184	3,22	3,59	1,73	2,95	3,75	3,71	3,08	3,15	3,48	50-59%	3,279
76. Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu **	3,089	2,95	3,83	1,71	2,70	4,04	3,80	2,67	3,18	3,14	50-59%	3,183

Allir starfsmenn ríkisstofnana fengu senda könnun SFR á Stofnun ársins.

\* Þessar stofnanir eru ekki ríkisstofnanir en eru einnig með alla starfsmenn. \*\* Einungis SFR félagar svöruðu fyrir þessar stofnanir.



Stofnanir með 20 til 49 starfsmenn	Einkunn 2016											Einkunn 2015
	Stjórnun	Starfsandi	Launakjör	Vinnuskilyrði	Sveigjanleiki vinnu	Sjálfstæði í starfi	Ímynd stofnunar	Ánægja og stolt	Jafnrétti	Svarhlutfall	Einkunn 2015	
<b>Meðaltal</b>	<b>4,032</b>	<b>4,08</b>	<b>4,23</b>	<b>3,13</b>	<b>3,93</b>	<b>4,38</b>	<b>4,30</b>	<b>3,87</b>	<b>4,22</b>	<b>4,12</b>	<b>3,945</b>	
1. Menntaskólinn á Tröllaskaga	4,655	4,86	4,74	4,10	4,50	4,61	4,61	4,74	4,95	4,66	80-100%	4,544
2. Einkaleyfastofan	4,517	4,64	4,49	3,80	4,59	4,76	4,60	4,47	4,57	4,66	80-100%	4,473
3. Landmælingar Íslands	4,458	4,50	4,70	3,54	4,27	4,71	4,53	4,54	4,55	4,71	80-100%	4,427
4. Samkeppniseftirlitið	4,441	4,51	4,61	3,98	4,58	4,59	4,58	3,69	4,57	4,70	80-100%	4,228
5. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins *	4,371	4,62	4,67	3,43	4,55	4,65	4,55	3,91	4,59	4,24	80-100%	4,330
6. Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	4,365	4,54	4,61	3,33	4,42	3,98	4,53	4,44	4,63	4,53	70-79%	4,034
7. Forsætisráðuneytið	4,344	4,57	4,59	3,70	4,52	4,37	4,56	3,61	4,65	4,32	70-79%	4,192
8. Menntaskólinn að Laugarvatni	4,299	4,47	4,25	3,58	4,09	4,42	4,45	4,44	4,44	4,47	60-69%	4,292
9. Verkmenntaskóli Austurlands	4,289	4,53	4,44	3,51	3,81	4,26	4,40	4,39	4,55	4,52	70-79%	4,264
10. Skógrækt ríkisins	4,284	4,29	4,61	3,08	4,35	4,55	4,53	4,36	4,69	4,10	50-59%	4,102
11. Fjölmenn *	4,274	4,62	4,49	3,68	3,84	4,22	4,37	4,58	4,52	4,06	70-79%	4,408
12. Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu	4,245	4,25	4,62	3,55	4,14	4,30	4,25	4,09	4,54	4,35	50-59%	4,408
13. Fjölbrotaskóli Snæfellinga	4,226	4,29	4,51	3,58	4,10	4,15	4,25	4,32	4,35	4,35	80-100%	4,448
14. Skipulagsstofnun	4,172	4,29	4,51	3,21	4,02	4,46	4,20	3,99	4,23	4,46	50-59%	4,152
15. Þjónustumiðstöð fyrir blinda og sjónskerta	4,168	4,22	4,32	3,59	3,21	4,54	4,39	4,65	4,36	4,37	80-100%	4,183
16. Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	4,162	4,30	4,25	3,27	4,27	4,36	4,50	3,47	4,46	4,41	60-69%	4,305
17. Framkvæmdasýsla ríkisins	4,152	4,34	4,05	3,05	3,91	4,61	4,45	4,04	4,23	4,61	80-100%	4,148
18. Náttúrufræðistofnun Íslands	4,127	4,06	4,37	2,90	4,54	4,37	4,31	4,23	4,34	4,02	80-100%	4,119
19. Sýslumaðurinn á Vesturlandi	4,126	4,11	4,25	3,26	3,91	4,51	4,41	4,18	4,37	4,20	80-100%	3,952
20. Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra	4,124	4,28	4,40	3,25	4,12	4,54	4,33	3,78	4,19	4,17	70-79%	3,972
21. Byggðastofnun	4,110	4,17	4,17	3,41	3,70	4,60	4,46	3,79	4,39	4,35	80-100%	4,197
22. Skattrannsóknarstjóri ríkisins	4,109	3,86	4,29	3,21	4,27	4,70	4,38	4,12	3,97	4,33	80-100%	4,197
23. Stofnun Árna Magnússonar	4,066	4,24	4,35	3,03	3,78	4,25	4,13	4,21	4,33	4,16	50-59%	3,735
24. Sýslumaðurinn á Suðurlandi	4,061	4,55	4,54	2,75	3,88	4,48	4,36	3,80	4,52	3,56	70-79%	4,119
25. Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra	4,056	4,06	4,24	3,14	3,88	4,51	4,16	3,90	4,27	4,32	80-100%	3,920
26. Póst- og fjarskiptastofnun	4,053	4,28	4,20	3,39	3,53	4,54	4,38	3,98	4,08	4,14	80-100%	4,288
27. Framhaldsskólinn á Laugum	4,052	4,14	4,02	3,49	4,14	4,18	4,29	3,83	4,25	4,09	50-59%	3,655
28. Lögreglan á Vestfjörðum	4,051	4,33	4,25	2,95	3,74	4,28	4,33	3,93	4,47	4,07	60-69%	4,035
29. Ríkisendurskoðun	3,995	4,06	4,40	3,03	4,37	4,63	4,30	3,94	4,19	3,23	60-69%	4,116
30. Samskipti, heyrnarlausra og heyrnarkertra	3,991	4,26	4,15	2,43	3,90	4,50	4,31	4,07	4,40	3,87	70-79%	3,790
31. Tilraunastöð HÍ að Keldum **	3,967	3,60	4,00	2,83	3,61	4,60	4,36	4,32	4,32	4,33	80-100%	3,716
32. Menntaskólinn á Ísafirði	3,957	3,84	4,21	3,32	3,73	3,90	4,28	3,71	4,29	4,27	70-79%	3,795
33. Umboðsmaður skuldara	3,952	4,27	4,51	3,47	3,90	4,70	4,43	2,85	4,17	3,34	80-100%	3,943
34. Menntaskólinn á Egilsstöðum	3,920	3,44	4,14	3,53	3,98	3,95	4,21	3,88	4,18	4,10	70-79%	3,909
35. Veidimálastofnun	3,896	3,74	4,24	2,87	4,23	4,26	4,02	4,07	4,30	3,46	70-79%	3,926
36. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið	3,859	4,02	4,15	2,62	4,29	4,36	3,97	2,95	3,97	4,15	80-100%	3,757
37. Orkustofnun	3,856	3,72	4,10	2,75	4,02	4,56	4,07	3,71	3,92	3,96	60-69%	3,954
38. Lánasjóður íslenskra námsmanna	3,850	3,82	4,17	2,60	4,12	4,16	4,39	3,02	4,10	4,15	70-79%	3,786
39. Útlendingastofnun	3,831	4,21	4,47	2,78	3,27	4,64	4,30	2,00	4,26	4,27	80-100%	3,615
40. Háskólinn á Hólum	3,824	3,79	4,14	3,02	3,30	4,06	4,30	3,62	4,01	4,18	35-49%	3,539
41. Rannsóknamiðstöð Íslands	3,815	3,72	4,32	2,67	3,92	4,06	4,07	3,95	3,90	3,74	80-100%	3,524
42. Lögreglan á Suðurlandi	3,810	4,06	4,06	2,79	3,59	4,04	3,93	3,99	3,99	3,76	80-100%	3,911
43. Biskupsstofa	3,672	3,47	3,37	3,57	3,70	4,27	4,24	3,20	3,46	4,04	70-79%	3,872
44. Listasafn Íslands	3,670	3,70	3,84	2,36	3,37	4,03	4,16	3,63	3,91	4,03	50-59%	3,490
45. Heyrnar- og talmeinaustöð Íslands	3,663	3,82	3,92	2,05	2,84	3,87	4,50	4,06	4,09	3,87	70-79%	3,729
46. Ríkiskaup	3,642	3,38	3,78	2,76	3,64	4,38	4,11	3,75	3,63	3,67	80-100%	3,544
47. Sýslumaðurinn á Suðurnesjum	3,612	3,43	3,91	2,20	3,70	4,30	4,28	3,23	3,78	3,81	80-100%	3,457
48. Sýslumaðurinn á Vestfjörðum	3,589	3,42	3,52	2,55	3,42	4,37	4,17	3,49	3,81	3,81	80-100%	3,814
49. Þjóðskjalasafn Íslands	3,541	3,32	3,72	2,42	3,49	4,33	3,83	3,75	3,53	3,69	80-100%	3,601
50. Mannvirkjastofnun	3,319	3,11	3,09	3,23	3,60	4,44	3,68	2,80	2,82	3,47	70-79%	3,605

Allir starfsmenn ríkisstofnana fengu senda könnun SFR á Stofnun ársins.

\* Þessar stofnanir eru ekki ríkisstofnanir en eru einnig með alla starfsmenn. \*\* Einungis SFR félagar svöruðu fyrir þessar stofnanir.

Stofnanir með færri en 20 starfsmenn	Einkunn 2016											Einkunn 2015
	Stjórnun	Starfsandi	Launakjör	Vinnuskilyrði	Sveigjanleiki vinnu	Sjálfstæði í starfi	Ímynd stofnunar	Ánægja og stolt	Jafnrétti	Svarhlutfall	Einkunn 2015	
<b>Meðaltal</b>	<b>4,187</b>	<b>4,32</b>	<b>4,40</b>	<b>3,22</b>	<b>4,19</b>	<b>4,48</b>	<b>4,42</b>	<b>3,98</b>	<b>4,36</b>	<b>4,22</b>	<b>3,945</b>	
1. Héraðsdómur Suðurlands	4,670	4,94	4,89	4,11	4,88	4,80	4,83	3,50	4,96	4,82	80-100%	4,724
2. Hljóðbókasafn Íslands	4,653	4,84	4,81	3,78	4,55	4,66	4,89	4,71	4,86	4,67	80-100%	4,473
3. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála	4,510	4,84	4,87	3,81	4,37	4,82	4,89	3,57	4,61	4,63	80-100%	4,513
4. Minjastofnun Íslands	4,404	4,50	4,79	3,40	4,41	4,59	4,27	4,18	4,64	4,63	80-100%	4,044
5. Framhaldsskólinn á Húsavík	4,324	4,45	4,47	3,68	4,35	4,18	4,46	4,36	4,60	4,25	60-69%	4,124
6. Ríkiseignir	4,300	4,21	4,56	3,46	4,48	4,68	4,53	4,53	4,45	3,96	80-100%	4,204
7. Geislavarnir ríkisins	4,300	4,48	4,33	3,10	4,38	4,49	4,61	4,05	4,50	4,59	80-100%	4,204
8. Ferðamálastofa	4,224	4,27	4,56	3,53	4,04	4,71	4,18	4,11	4,26	4,33	80-100%	4,045
9. Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	4,219	4,61	4,54	2,86	4,03	4,70	4,39	4,33	4,46	3,97	80-100%	4,211
10. Jafnréttisstofa	4,072	4,14	3,22	4,40	4,54	4,88	4,25	3,73	4,05	3,77	80-100%	3,762
11. Íslenski dansflokkurinn	3,973	4,46	4,86	1,88	3,31	3,76	4,48	4,05	4,57	4,00	35-49%	4,219
12. Rekstrarfélag stjórnarráðsins	3,915	3,93	4,17	2,78	4,12	4,39	4,25	3,96	4,14	3,60	80-100%	3,927
13. Héraðsdómur Reykjaness **	3,911	4,11	4,13	2,60	4,00	4,52	4,25	3,18	3,95	4,29	35-49%	4,219
14. Neytendastofa	3,881	3,81	3,94	2,72	4,36	4,28	4,02	3,83	3,62	4,27	80-100%	3,947
15. Lögreglan í Vestmannaeyjum	3,817	3,82	4,36	2,79	3,49	3,86	4,13	3,77	3,90	4,11	70-79%	3,944
16. Sýslumaðurinn á Austurlandi	3,814	3,76	3,87	2,68	3,77	4,38	4,35	3,87	4,19	3,66	80-100%	3,944

Allir starfsmenn ríkisstofnana fengu senda könnun SFR á Stofnun ársins.

\* Þessar stofnanir eru ekki ríkisstofnanir en eru einnig með alla starfsmenn. \*\* Einungis SFR félagar svöruðu fyrir þessar stofnanir.



## Stofnun ársins – sérrit

### Ábyrgðarmaður:

Árni Stefán Jónsson

### Umsjón:

Sólveig Sigr. Jónasdóttir

### Umbrot og prentun:

Guðjón Ó – vistvæn prentsmiðja



## SFR stéttarfélag í almannáþjónustu

Grettisgötu 89 - 105 Reykjavík

Sími: 525 8340 - Bréfasími: 525 8349

Netfang: sfr@sfr.is - Veffang: www.sfr.is

Skrifstofan er opin mán.- fös. kl. 9:00-16:00

ISSN númer 1670-5874

Forsiða: Kristín María Ingimarsdóttir

SÉRBLAÐ



2016

STJÓRNUN

STARFSANDI

LAUNAKJÖR

VINNUSKILYRÐI

SVEIGJANLEIKI VINNU

SJÁLFSTÆÐI Í STARFI

ÍMYND STOFNUNAR

ÁNÆGJA OG STOLT

JAFNRÉTTI



STÉTTARFÉLAG  
Í ALMANNAPJÓNUSTU